



Skautað á Vatnsholtsvötnum



Börnin í Lýsudeild Grunnskóla Snæfellsbæjar brugðu sér á skauta fyrir skömmu, nánar er sagt frá því á baksíðunni.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Létt á sóttvörnum á dvalarheimilum

Nú þegar við erum farin að sjá fram á bjartari tíma, bólusetningar eru hafnar og greind tilfelli af Covid hafa haldist niðri í nokkurn tíma er loksins orðið tímabært að létta á sóttvarnareglum á dvalar- og hjúkrunarheimilum að einhverju leiti. Ennþá hafa starfsmenn dvalarheimilanna þó ekki fengið bólusetningu og því mikilvægt að hafa öryggi þeirra í huga. Heimilismönnum eflaust

til mikillar ánægju er þeim nú velkomið að fara út í bíltúra, heimsóknir og þess háttar en þau þurfa þó að sjálfsgöðu að fylgja þeim sóttvarnareglum sem gilda í samfélaginu. Allir, jafnt heimilismenn, starfsfólk og gestir eru ennþá beðnir um að sinna persónulegum sóttvörnum og fara með gát. Vonandi verður svo hægt að rýmka reglurnar enn frekar á næstu vikum. sj

Rafíþróttadeild fékk húsnæði



Ungmennafélag Grundarfjarðar fékk í lok janúar afhent húsnæði sem nýta á undir starfsemi rafíþróttadeildar félagsins. Rafíþróttadeild Ungmennafélags Grundarfjarðar er ný en vinna hófst snemma á síðasta ári við stofnun deildarinnar og er sú vinna langt komin. Húsnæðið er að Borgarbraut 18 og er í eigu Grundarfjarðarbæjar. Áður var félagsmiðstöð unglunga þar til húsa en sú starfsemi mun flytja yfir í grunnskólann. Félagar Ungmennafélagsins hafa hafist handa við að undirbúa aðstöðu í húsnæðinu, búið er að kaupa

tölvubúnað og einnig hefur verið fundað með Símanum um nettengingar í húsið, en þær þurfa að vera öflugar fyrir starfseminna. Þá var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra og aðra áhugasama og var sá fundur vel sóttur. Rafíþróttir eru að verða sífellt vinsælli og ólíkt flestum íþróttum hafa þær blómstrað í faraldrinum og hafa rafíþróttadeildir verið stofnaðar í hátt í 20 íþróttafélögum á Íslandi. Á meðfylgjandi mynd sem fengin var af vef Grundarfjarðarbæjar er bæjarráð ásamt stjórn UMFG fyrir utan nýju aðstöðuna.

Ný brú í Bug



Ljósmyndari var á göngu inni Bug í Snæfellsbæ á dögunum þegar hann tók eftir því að búið var að tengja aftur saman veginn yfir Bugsgilið. Það var Hesteigendafélagið Hringur í Ólafsvík sem stóð fyrir þessari framkvæmd. Settir voru tveir rörhólkar, sprengt grjót og efni þar yfir á þeim stað sem brú stóð áður en hún hrundi fyrir nokkrum árum. Fengu

þeir styrk frá reiðveganefnd Hestamannafélagsins Snæfellingss og fleiri góðum aðilum til verksins. Tilgangurinn með þessari framkvæmd var að bæta aðstöðu félagsmanna sinna til útreiða sem og allra annarra sem eiga leið þar um. Er það von félagsins að með þessu muni aðstaða til útivistar á þessu fallega svæði batni til muna og að fleiri geti nýtt sér það. *þa*



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

ÓLAFSVÍKUR- OG
INGJALDSHÓLSPRESTAKALL
kirkjanokkar.is



Fjölskylduguðspjónusta í Ólafsvíkurkirkju

verður á sunnudag klukkan 11 og verður streymt.
Sjá heimasíðu prestakallsins kirkjanokkar.is

Kirkjuskólinn hefst miðvikudaginn 10. febrúar
kl. 16:25 í Ingjaldshólskirkju.

Æskulýðsfundur verður á miðvikudaginn,
10. febrúar, kl. 19:30 í Ólafsvíkurkirkju.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift
á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700

www.fmis.is



Getraunaleikur til stuðnings Víkingi

Ef næg þátttaka fæst, förum við í getraunaleik, sem stendur yfir í 10 vikur. Þátttakendur skuldbinda sig til að greiða 2000 krónur á viku í þessar tíu vikur og verða með í einum sameiginlegum vikulegum seðli, sem hópstjóri fyllir út í samráði við getspaka menn. Allt, sem þátttakendur þurfa að gera er að mæta í Áttthagastofuna á laugardaginn á milli 11.00 og 12.30, eða hringja í Ólaf H. Steingrímsson í síma 862-5170 á sama tíma og gefa upp kortanúmer á kreditkortu til að hægt sé að tengja viðkomandi

hópnum. Sölukerfi Getrauna er talið mjög öruggt. Vinningar undir 100 þús. verða lagðir inn á spilareikning viðkomandi hjá getraunum, sem hver og einn ráðstafar að vild. 26% af söluverðmæti seðlanna rennur beint til Víkinga. Stefnum á að byrja annan laugardag í febrúar. Ef góð þátttaka verður, til dæmis 15 aðilar, má reikna með að seðill að andvirði 30 þúsund krónur gefi meiri möguleika til vinnings, en aðaltilgangurinn er samt að skapa tekjur til Víkinga, frá Getraunum.

óhs

Hinsegin Vesturland

Undanfarið hefur verið unnið að stofnun félagsins Hinsegin Vesturland en það eru systurnar Guðrún og Bjarney Anna Guðbrandsdætur frá Borgarnesi sem eiga heiðurinn að því. Áður hafa þær systur fengið styrk frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands fyrir verkefninu Hinsegin Borgarnes en markmiðið var þó alltaf að stofna félag hinsegin fólks á Vesturlandi líka. Hinsegin Vesturland verður hagsmunafélag að Samtökunum 78 og er markmiðið að standa fyrir viðburðum, fræðslu og ráðgjöf á öllu Vesturlandi svo eitthvað sé nefnt. Félagið verður opið öllu hinsegin fólki, aðstandendum þeirra og velunnurum. Stofnfundur félagsins verður fimmtudaginn 11. febrúar næstkomandi og



verður honum streymt á Zoom. Á stofnfundinum mun Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra ávarpa fundargesti auk þess sem stofnfundur Hinseginleikans, þær María Rut Kristinsdóttir og Ingileif Friðriksdóttir verða með innlegg.

sj


Teflt í grunnskólanum



Þriðjudaginn 26. janúar var skákdagurinn haldinn hátíðlegur í Grunnskóla Grundarfjarðar. Dagurinn í ár er tileinkaður Friðriki Ólafssyni, fyrirverandi forseta Alþjóða skáksambandsins. Friðrik var eitt sinn meðal bestu skákmanna heims og fyrsti stórmeistari Íslendinga. Hann tefli

enn reglulega og gefur af sér til yngri kynslóða. Grunnskólar um allt land tóku þátt í að halda upp á daginn og var þátttakan í Grunnskóla Grundarfjarðar góð. Meðfylgjandi mynd var fengin af heimasíðu Grunnskóla Grundarfjarðar.

sj



**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Fræðslufundur um netöryggi

Þriðjudaginn 2. febrúar síðastliðinn stóð Grunnskóli Snæfellsbæjar, í samstarfi við foreldrafélög skólans, fyrir fræðslufundi um netöryggi fyrir foreldra. Fundurinn fór fram á Zoom og voru það Hildur Halldórsdóttir og Sigurður Sigurðsson, verkefnastjórar Heimilis og skóla og SAFT sem héldu fyrirlesturinn. SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af netöryggishluta samgönguáætlunar Evrópusambandsins. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landsamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barna-

heill.

Með fyrirlestrinum er ætlunin að vekja athygli foreldra og forráðamanna á birtingarmynd kynferðisbrota gegn börnum og unglíngum sem vert er að vera vakandi fyrir. Á síðustu vikum hafa komið upp nokkur tilvik þar sem fullorðnir aðilar hafa verið að greiða ungmennum á grunnskólaaldri peninga fyrir kynferðislegar ljósmyndir. Leið þeirra að samskiptum við ungmennin er í flestum tilvikum í gegnum samfélagsmiðla, til dæmis TikTok, Instagram og Snapchat. Mikilvægt er að allir kynni sér þessi málefni og þá er allt eins mikilvægt að fræða börn og unglíngum um hætturarnar sem stafa af kynferðisbrotum sem þessum.

sj



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímapantanir í síma 436-1111




Öðruvísi stærðfræði



Nemendur 5. bekkjar í Grunnskóla Snæfellsbæjar voru mjög einbeittir í öðruvísi stærðfræðitíma í síðustu viku. Þar vinna þeir í hópum á stöðvum að því að leysa ýmsar þrautir og verkefni; Sphero, Dash, Breakout, Makedo, Minecraft og Strawbees. Verkefnið byggja flest á forritun og rökhugsun og þurfa nemendur að nýta sér ýmsar aðferðir stærðfræðinnar til að leysa verkefnið svo sem hornamælingar, mælieiningar, form og rúmfræði. Auk þessa þurfa þeir að vinna vel saman og

vera lausnamiðuð í úrlausnum verkefna sinna. Voru þeir á ýmsum stöðum í skólanum við þessa vinnu sína, bæði í kennslustofunum, frammi á gangi og í Snillismiðju skólans. Var þetta fyrsti tíminn í þessaristöðvavinnu og fannst kennurinum þeirra að þetta hefði gengið mjög vel og nemendur áhugasamir enda eru þeir búnir að læra forritun og vera í öðruvísi stærðfræði í allan vetur þar sem reynir meðal annars á rökhugsun og samvinnu.

þa

 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

Skautaiðkun nemenda í Lýsudeild grunnskólans

Vatnsholtsvötn í sunnanverðum Snæfellsbæ hafði fyllilega lagt í síðustu viku sem og flest stöðuvötn og tjarnir. Ekki var þó spegilsléttu svelli að fagna nema inn á milli ósléttari rasta en ágætis svæði samt. Í lok síðustu viku brast síðan á með logni eftir langa vist norðanvinda og þar með rann upp tækifæri til að dusta ryk af skautafíprótt og skautum, og þá hófst líka leitinn að skautunum.

Grunnskóli Snæfellsbæjar á töluvert safn skauta sem er ómetanlegt að geta gripið til. Á hinum og

þessum bæjum leyndust fáein pör og nokkrir nemendur þjuggu svo vel að eiga sína eigin skauta. Málið var leyst, allir fengu skauta a.m.k. nokkurn veginn við hæfi.

Fimmtudaginn 28. janúar var þá komið að skautiferð nemenda á Vatnsholtsvötnum. Krakkar fóru á skauta og sýndu af sér þvilíkt úthald og orku að frábært var að sjá. Allir skautuðu, stórir sem smáir, leiknir og byrjendur. Töluvert var um byltnir og föll sem ollu engum slysum og drógu ekki kjark úr neinum. Yngri nemendur

höfðu hjálma á höfði en engar voru grindur til að styðjast við. Þeim tókst ótrúlega fljótt að komast á nokkurt skrið.

Skautað var frá kl.12:45-15 og það reyndist þrautinni þyngra að hætta. Krakkar rétt svo gáfu sér tíma fyrir kakó, vatnsglas og kökubita sem í boði var við svellið.

Nokkrir foreldrar, starfsmenn skólans, mættu á svell, og ræddu um að endurtaka leikinn daginn eftir.

Það fór líka svo að strax eftir hádegi á föstudeginum voru

nemendur aftur farnir að skauta. Skólaverkefnið breyttist í foreldra- verkefni að skólatíma loknum og skautað var fram á fimmta tíma dagsins. Mikil gleði, holl hreyfing og útivera.

Því miður hefur verið sjaldgæft hér um slóðir að saman náist slétt og traust svell og hagstætt veður. Aðeins örfá skipti önnur höfum við náð skautiferð hér í nágrenni skólans en allar hafa þær heppnast með eindæmum vel.

Myndirnar tók Haukur Þórðarson

re



Aðalfundur Rauða krossins í Snæfellsbæ

Aðalfundur Snæfellsbæjardeildar Rauða krossins verður haldinn

þriðjudaginn 9. mars kl. 18:30

í Átthagastofu Snæfellsbæjar ef reglur um sóttvarnir leyfa.

Að öðrum kosti verður fundurinn haldinn í fjárfundi sama dag og á sama tíma, vinsamlega fylgist með á heimasíðu Rauða krossins undir viðburðir.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
6. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra. Skv. 22. gr.
7. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu félagsgjöld fyrir árslok 2020. Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning.

Grímuskylða er á staðfundi

Stjórnin



Grundarfjarðarbær

Hunda- og kattahreinsun

Hunda- og kattahreinsun verður í áhaldahúsi Grundarfjarðar (Nesvegi 19) miðvikudaginn 10. febrúar, milli klukkan 13.00 - 16.30.

Öllum hundaeigendum er skylt að mæta með sína hunda.

Við minnum á grímuskyldu.